



Samfélagsskýrsla Skinneyjar-Pinganes hf. 2024



Um skýrsluna

Skinney-Pinganes hf. gefur nú út samfélagsskýrslu fimmta árið í röð sem er til marks um vilja og skuldbindingu fyrirtækisins til þess að vera samfélagslega ábyrgt og hafa jákvæð áhrif í samfélaginu.

Í skýrslunni er fjallað um helstu ófjárhagslegu þætti starfseminnar og er hún unnin í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq kauphallarinnar, útgáfu 2.0 frá febrúar 2020 (EGS Reporting Guide 2.0).

Staðlarnir í leiðbeiningunum skiptast í þrjá flokka, U fyrir umhverfisþætti, F fyrir félagslega þætti og S fyrir stjórnarhætti.

Skinney-Pinganes vill vera góð fyrirmynd í samfélagslegri ábyrgð og er samfélagsskýrslunni m.a. ætlað að gefa greinargott yfirlit á árangur félagsins í sjálfbærnimálum og auka þar með gagnsæi á starfsemi félagsins.

Upplýsingar í skýrslunni eru afmarkaðar við móðurfélagið Skinney-Pinganes hf. og dótturfélag þess Útgerðarfélagið Vigur ehf. nema annað sé tekið fram. Skýrslan tekur til ársins 2024 og eru allar upplýsingar í skýrslunni í samræmi við bestu þekkingu sem við höfum yfir að búa á þeim tíma sem skýrslan er rituð en er ekki tæmandi úttekt á öllum þeim áhrifum sem Skinney – Pinganes hefur á umhverfi, samfélag og efnahag.

Stjórn Skinneyjar-Pinganess hf. hefur samþykkt útgáfu skýrslunnar.



Árið 2024 í hnotskurn


Árið 2024 var atburðaríkt ár í starfsemi Skinneyjar-Pinganess hf., mótað af hefðbundnum áskorunum og tækifærum sem einkenna starfsemi íslensks sjávarútvegs. Reksturinn bar með sér öfluga framvindu, markvissar fjárfestingar og aukna áherslu á nýsköpun og orkuskipti, þó svo umgjörð og lagaumhverfi hafi einnig reynt á þol og sveigjanleika atvinnugreinarinnar.

Bolfiskveiðar og vinnsla gengu vel á árinu. Stöðug vinnsla var í húsum okkar á Höfn og Þorlákshöfn, að undanskildum hefðbundnum sumarlokunum. Markaðir fyrir ferskan og frystan fisk voru bæði virkir og arðbærir, þó svo vaxandi óvissa um tollaumhverfi kalli á vakandi augu og aðlögun.

Félagið gerði út þrjú togskip og einn línubát til bolfiskveiða. Engar humarveiðar voru leyfðar og er ástæða til að halda áfram að brýna fyrir stjórnvöldum að leggja fé til humarrannsóknna. Loðnuleysi á árinu hafði veruleg áhrif á rekstur og undirstrikar þörfina á að efla rannsóknir á þessum mikilvæga stofni í ljósi mikilla sveiflna í stofnstærð.

Makrílvertíðin reyndist krefjandi en samstarf við Gjögur ehf. og aðkoma eldri Hákonar skiptu þar miklu máli. Síðar á árinu sáu nýr Hákon í eigu Gjögurs og Ásgrímur Halldórsson um veiðar á íslenskri sumargotssíld. Þær veiðar gengu vel og markaðsaðstæður voru hagstæðar.

Fjárfestingar voru umfangsmiklar á árinu og beindust flestar að veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski. Kjölur var lagður að nýju uppsjávarskipi, sem ber nafnið Ásgrímur Halldórsson, og var skipið sjósett í Gdansk í Póllandi. Það verður dregið til Skagen í Danmörku þar sem lokafrágangi verður sinnt, og afhending er áætluð í nóvember 2025.



Árið 2024 í hnotskurn

Lokið var umfangsmiklum og kostnaðarsömum endurbótum á fiskimjölsverksmiðju félagsins og er hún nú tilbúin að takast á við verkefni næstu ára. Bygging nýs frystiklefa hófst síðastliðinn vetur og gengur samkvæmt áætlun. Verklok eru fyrirhuguð í nóvember 2025. Um er að ræða fyrsta alsjálfvirka frystiklefa sinnar tegundar á Íslandi og verður hann einnig búinn nýrri tækni til að draga verulega úr orkunotkun við frystingu. Á árinu var einnig tekinn í notkun nýr sjálfvirkur pökkunarendi fyrir uppsjávarlínuna og bætt verður við síldarflökunarvélum á næstu misserum. Þetta eru verulegar fjárfestingar sem miða að því að tryggja að Skinney–Þinganes hf. verði áfram í fremstu röð íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja.

Til þess að slíkar fjárfestingar skili sér með árangri til lengri tíma er nauðsynlegt að rekstrarumhverfið sé fyrirsjáanlegt og styðji við áframhaldandi uppbyggingu.

Skortur á samráði og skýrleika í skattalegri og reglubundinni stefnumörkun hefur leitt til óvissu sem torveldar ákvarðanatöku um langtímafjárfestingar. Boðuð hækkun veiðigjalda og tvöföldun kolefnisgjalda eru dæmi um íþyngjandi aðgerðir sem skerða getu fyrirtækja til að fjárfesta, þróa nýsköpun og styðja við nærsamfélagið. Slíkar aðgerðir hafa bein áhrif á rekstrarforsendur sjávarútvegs og geta komið niður á getu fyrirtækja til að standa undir þeirri samfélagslegu ábyrgð og framþróun sem þau hafa í gegnum tíðina tekið sér fyrir hendur. Fyrirtækið hvetur því til aukins gagnsæis og samráðs í stefnumótun stjórnvalda gagnvart sjávarútvegi, með það að markmiði að tryggja stöðugleika og samkeppnishæfni greinarinnar til framtíðar.

Sigurður Ægir Birgisson, stjórnarformaður



Um Skinney–Þinganes

Starfsemi Skinneyjar-Þinganess hf. felst í matvælaframleiðslu í víðasta skilningi, þ.m.t. í rekstri eigin útgerðar, fiskvinnslu, fiskimjölsverksmiðju og sölustarfsemi. Félög innan samstæðunnar taka einnig þátt í rekstri fasteigna og bújarða, auk annarrar starfsemi eins og laxeldis og fiskpurrkunar.

Skinney-Þinganes leggur áherslu á sjálfbærar og ábyrgar fiskveiðar, framleiðslu á hágæða afurðum úr villtu sjávarfangi og traust viðskipti. Á árinu 2024 gerði félagið út sex fiskiskip, tvö uppsjávarskip, þrjú togskip og einn línubát með aflaheimildir úr fjölbreyttum nytjastofnum á Íslandsmiðum. Afli skipanna er unninn í fiskvinnslu félagsins á Höfn og Þorlákshöfn, auk fiskimjölsverksmiðju á Höfn.

Sölustarfsemi félagsins á alþjóðamörkuðum er í höndum hlutdeildarfélaganna Iceland Pelagic ehf. og StorMar ehf. Samstæðan vinnur markvisst að verðmætasköpun með því að hámarka virðisbætur frá auðlind til neytanda. Sérstök áhersla er lögð á rekjanleika afurða, aukna nýtingu hráefnis og sjálfbæra þróun í takt við markaðskröfur.

Í lok árs 2024 störfuðu 328 manns hjá samstæðunni. Með innri þróun og nýsköpun leitast Skinney-Þinganes við að auka sjálfbærni og verðmætasköpun í rekstri sínum.



Samfélagsábyrgð

Skinney-Þinganes hf. leggur áherslu á samfélagsábyrgð og vill starfa í sátt við umhverfið og samfélagið. Samstæðan rekur starfsemi á tveimur stöðum á landinu, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn, og er stærsti einstaki vinnuveitandinn á Höfn. Allar stórar aðgerðir félagsins eru metnar með tilliti til áhrif þeirra á samfélagið og byggðarlagið.

Í tilefni af væntanlegu 80 ára afmæli félagsins árið 2026 hefur Skinney-Þinganes samþykkt að leggja til kr. 200 milljónir til byggingar húsnæðis fyrir Björgunarfélag Hornafjarðar og Slysavarnadeildina Framtíðina. Félagið styður einnig íþróttar- og menningarstarf ásamt því að veita styrki til einstaklinga og góðgerðarféлага.

Skinney-Þinganes hefur skuldbundið sig til að birta árlega ófjárhagslegar upplýsingar í samræmi við UFS-leiðbeiningar Nasdaq. Félagið hefur einnig undirritað stefnu um samfélagsábyrgð innan Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, sem grundvallast á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Sérstök áhersla er lögð á heimsmarkmið 14 - Líf í hafi og 9 - Nýsköpun og uppbygging.



Aðild að samtökum

Skinney-Þinganes hf. er aðili að eftirfarandi samtökum:



Vottuð gæðakerfi

Á undanförunum árum hefur Skinney-Pinganes innleitt margvísleg vottuð gæðakerfi til að tryggja rekjanleika, stöðluð vinnubrögð og gæði afurða sem unnar eru hjá fyrirtækinu, sem undirstrikar áherslu félagsins um góða umgengni og virðingu fyrir auðlindinni.

IFS Vottun

Bolfiskvinnslur félagsins eru með IFS vottun en IFS er alþjóðlega viðurkenndur staðall undir merkjum GFSI (Global Food Safety Initiative). Staðallinn leggur áherslu á matvælaöryggi, gæði, lögmæti og áreiðanleika. Vottunin sýnir fram á að gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins standist ítrustu gæðakröfur sem settar eru á matvælaframleiðslur á alþjóðavísu.



MSC Vottun

MSC vottun staðfestir að fyrirtækið uppfylli kröfur Marine Stewardship Council um rekjanleika sjávarafurða úr sjálfbærum fiskistofnum. Fyrirtækið er aðili að Iceland Sustainable Fisheries sem aflar vottana gagnvart staðli MSC á veiðarfæri og fiskistofna sem nýttir eru við Ísland. MSC vottunarnúmer Skinneyjar-Pinganness er MSC-C-54351.



Marin Trust & FEMAS Vottun

Fiskimjölsværksmiðja félagsins er Marin Trust vottuð, sem vottar sjálfbæran uppruna afurðanna auk FEMAS vottunar sem er bresk vottun um ábyrga framleiðsluhætti.



Umhverfispættir

Ábyrgar fiskveiðar


Ábyrgar fiskveiðar eru grunnur að öllu starfi Skinneyjar-Þinganness. Samstæðan starfar í samræmi við gildandi lög og reglur um fiskveiðar og umgengni um nytjastofna sjávar, með það að markmiði að tryggja sjálfbæra og ábyrga nýtingu sjávarauðlinda.

Samstæðan fylgir ströngum kröfum um meðferð hráefnis sem og útbúnað vinnslu og skipa. Til að tryggja rekjanleika, stöðluð vinnubrögð, gæði og öryggi afurða sem unnar eru hjá Skinney-Þinganesi er unnið eftir HACCP gæðakerfi (Hazard Analysis and Critical Control Points), kröfum MAST og ýmissa sérleyfismarkaða ásamt alþjóðlega vottuðum stöðlum. Margvíslegar vottanir hafa verið staðfestar af ytri aðilum eins og MSC (Marine Stewardship Council), FEMAS (Feed Material Assurance Scheme), MARIN TRUST (IFFO Global Standard for Responsible Supply) og IFS (The International Featured Standard). Skinney – Þinganes hf. er jafnframt hluthafi í Iceland Sustainable Fisheries og aðili að Iceland Responsible Fisheries, sem undirstrikar áherslu félagsins um góða umgengni og virðingu fyrir auðlindinni.

Framþróun í umhverfismálum

Á grundvelli samfélagsstefnu sinnar hefur Skinney-Þinganes sett sér skýr markmið í umhverfismálum. Samstæðan leggur áherslu á að bæta hringrás auðlinda með því að nýta hafauðlindir á sjálfbæran og lögmætan hátt og skapa verðmæti úr öllu hráefni. Góð nýting hráefnis í fiskvinnslum og fiskimjölsverksmiðju félagsins hefur skipt sköpum við að lágmarka sóun.

Samstæðan leitast að flokka allt sorp sem fellur til á sjó og landi og koma veiðarfærum í endurvinnslu. Veiðarfæragerð samstæðunnar á Höfn hefur verið gerð að móttökustöð fyrir veiðarfæraúrgang til endurvinnslu.



Umhverfispættir


Stefna samstæðunnar er að lágmarka sótsporið m.a. með því að mæla og meta losun á gróðurhúsalofttegundum og nýta tækifæri til að takmarka og draga úr umhverfisáhrifum í samræmi við tækniþróun. Umhverfisáhrif eru greind með ítarlegri hætti í samfélagsskýrslu Skinneyjar-Þinganness hf. og þar er kolefnisfótspor tekið saman.

Samstæðan vinnur að framþróun umhverfismála með stýringu þeirra þátta sem valda neikvæðum umhverfisáhrifum. Þannig hefur samstæðan ráðist í ýmsar aðgerðir til að minnka útblástur og önnur áhrif á umhverfið sem leiðir af starfseminni.

Fiskimjölsværsmiðja samstæðunnar á Höfn hefur verið keyrð á rafmagni frá árinu 2014, en vegna raforkuskorts var olíuketill settur upp sem varaafli á árinu 2023.

Skinney-Þinganes hefur samið um smíði nýs uppsjávarskips sem er hannað til að draga úr olíunotkun og auðvelda möguleg orkuskipti. Félagið mun því gera út eitt uppsjávarskip í stað tveggja. Skipið verður búið búnaði sem gerir því kleift að tengjast rafmagni meðan á löndun hráefnis stendur, sem dregur enn frekar úr eldsneytisnotkun. Gert er ráð fyrir að skipið, sem mun bera nafnið Ágrímur Halldórsson SF-250, verði afhent í nóvember 2025.

Selbakki ehf., dótturfélag Skinneyjar-Þinganness hf., hefur unnið að þróun kolefnisverkefnis í samstarfi við Land og skóg með það markmið að binda kolefni með nýskógrækt á jörðinni Selbakka á Mýrum og draga þannig úr kolefnisspori samstæðunnar. Á árinu 2024 voru gróðursettar 34.150 plöntur, og áform eru um áframhaldandi gróðursetningu árið 2025.



Umhverfispættir

Olíunotkun skipa

Samstæða Skinneyjar-Þinganes hf. gerði út sex fiskveiðiskip, þar af tvö uppsjávarskip, 3 fjölveiðiskip og einn línubát á árinu. Skipastóll félagsins hefur að miklu leyti verið endurnýjaður á undanförunum árum með nýrri og hagkvæmari skipum. Yngri skipin eru afkastameiri og nýta einnig eldsneytið betur. Frá upphafi hefur félagið lagt áherslu á að auka aflaheimildir og styrkja þannig rekstrargrundvöll sinn.


Tækniframfarir síðustu ára í fiskveiðum ásamt öflugu fiskveiðistjórnunarkerfi sem leitt hefur af sér sjálfbærar veiðar og hefur einnig stuðlað að minni olíunotkun. Á síðastliðnum árum hefur félagið m.a. fjárfest í léttari veiðarfærum og toghlerum sem dregið hafa úr olíunotkun skipanna. Skip Skinneyjar-Þinganes eru knúin af gasolíum. Olíunotkun skipanna hefur einnig minnkað umtalsvert með því að tengja skipin við rafmagn þegar þau leggjast við bryggju.

Mestu umhverfisáhrifin í rekstri félagsins stafa af eldsneytisnotkun fiskiskipa samstæðunnar. Samtals notuðu skip félagsins 5,6 milljónir lítra af olíu og losuðu í heildina 15.684 tonn af CO₂ ígildum sem er 79% af heildarlosun af greindu kolefnisspori félagsins sem var 19.759 tonn af CO₂ ígildum á árinu 2024. Ekki er enn kominn neinn raunhæfur orkugjafi til að leysa olíuna af hólmi.

Heildarafli skipanna árið 2024 var 40.270 tonn, sem er 49,5% samdráttur frá árinu 2023. Á sama tíma minnkaði eldsneytisnotkun skipanna um 8,9%, sem undirstrikar áframhaldandi árangur í orkunýtni. Þrátt fyrir þessa framþróun jókst hlutfallsleg olíunotkun á hvert veitt tonn, þ.e. lítrar af olíu á hvert veitt tonn, milli ára. Þetta stafar aðallega af miklum samdrætti í veiði á uppsjávartegundum sem eru jafnan teknar í stórum mæli með tiltölulega lítilli eldsneytisnotkun. Því vóu aðrar veiðiaðferðir og tegundir sem krefjast meiri olíuþarfar hlutfallslega meira í heildaraflanum.



Olíulítrar á hvert veitt tonn



Umhverfispættir

Rafmagn

Árið 2024 var raforkunotkun Skinneyjar–Þinganes 11.867.301 kWst. Þegar kostur er á leggur félagið áherslu á að skipta jarðefnaeldsneyti út fyrir rafmagn.

Félagið hefur fjárfest í rafbílum fyrir starfsstöðvarnar á Höfn, og um helmingur lyftara félagsins er rafmagnslyftarar. Árið 2023 gerði Skinney–Þinganes samstarfssamning við Brimborg ehf. um endurnýjun bílaflota samstæðunnar næstu fjögur árin. Leitast verður við að velja einungis bifreiðar sem knúnar eru að hluta eða öllu leyti af rafmagni, þar sem Brimborg hefur verið leiðandi í vistvænum bílum hér á landi.

Raforkunotkun fiskimjölsverksmiðjunnar var 2.279.322 kWh á árinu 2024, og tók verksmiðjan á móti 13.261 tonni af hráefni, sem gerir um 172 kWh á hvert tonn hráefnis.

Fiskimjölsverksmiðja samstæðunnar á Höfn hefur verið rekin alfarið á rafmagni frá árinu 2014. Vegna tímabundins raforkuskorts var olíuketill tekinn í notkun sem varaafli árið 2023, og árið 2024 var notað 654.184 lítrar af olíu sem varaafli.



Umhverfispættir

Úrgangur

Góð nýting hráefnis í fiskvinnslum og fiskimjölsverksmiðju félagsins hefur verið lykilþáttur í lágmörkun úrgangs en einnig hefur áhersla verið lögð á flokkun á sorpi þvert á allt fyrirtækið.

Allan úrgang sem fellur til á sjó er farið með í land samkvæmt reglum um losun á sorpi frá skipum í sjó í V. viðauka Marpol samningsins.

Á árinu 2021 gerðist veiðarfæraferð Skinneyjar-Þinganess móttökustöð fyrir veiðarfæraúrgang til endurvinnslu og tekur því nú við úreltum veiðarfærum sínum og annarra útgerða og sér til þess að séu hreinsuð, flokkuð og send til endurvinnslu. Á árinu 2024 voru 161 tonn af úreltum veiðarfærum send til endurvinnslu.



Umhverfispættir

Vísir	Eining	2022	2023	2024	Athugasemdir
U1-1 Umfang 1					
	tCO2íg	22.176	17.692	15.775	
Umfang 1: Eldsneyti	tCO2íg	22.117	17.622	15.775	
Umfang 1: Kælimiðlar	tCO2íg	59	70	0	
U1-2 Umfang 2					
	tCO2íg	290	269	116	
Umfang 2: Rafmagn	tCO2íg	290	269	116	
U1-3 Umfang 3					
	tCO1íg	5.240	4.233	3.868	
Umfang 3: Eldsneytis- og orkuframleiðsla	tCO1íg	5.068	4.042	3.609	
Umfang 3: Úrgangur	tCO2íg	103	101	192	
Umfang 3: Flutningur og ferðalög	tCO2íg	68	51	67	
Umfang 3: Innkaup - veiðafæri	tCO2íg		39	0	
Samtals	tCO2íg	27.705	22.194	19.759	
U2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda					
Losunarkræfni orku	kgCO2i/MWst	230	225	257	
Losunarkræfni starfsmanna	tCO2i/stöðugildi	91	84	72	
Losunarkræfni á hvern fermeter	kgCO2i/m²	927	742	661	
Losunarkræfni heildartekna	kgCO2i/pús. kr.	1,66	1,25	1,42	

Umhverfispættir

Vísir	Eining	2022	2023	2024	Athugasemdir
U3. Orkunotkun					
Heildarmagn beinnar orkunotkunar	kWst	85.797.103	68.349.333	61.193.872	
Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar	kWst	34.843.889	31.207.264	15.733.719	
Heildarorkunotkun	kWst	120.640.993	99.556.597	76.927.591	
U4. Orkukræfni					
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	396.845	377.108	278.723	
Orkukræfni veltu	kWst/pús. kr.	7,2	5,6	5,6	
Orkukræfni á fermetra	kWst/m ²	4.035	3.330	2.573	
Orkukræfni veiða	kWst/veitt tonn	1.448	1.248	1.910	
U5. Samsetning orku					
Jarðefnaeldsneyti	%	71%	69%	80%	
Endurnýjanleg orka	%	29%	31%	20%	
U6. Vatnsnotkun					
Kalt vatn	m ³	310.253	358.803	651.712	
U7. Umhverfisstarfsemi					
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	já	já	já	
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	já	já	já	
Notar fyrirtækið viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	nei	nei	nei	

Umhverfispættir

Vísir	Eining	2022	2023	2024	Athugasemdir
U8. Loftslagseftirlit stjórnar					
Hefur stjórn yfirumsjón með/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	nei	nei	nei	
U9. Loftslagseftirlit stjórnenda					
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	nei	nei	nei	
U10. Mildun loftslagsáhættu					
Fjárfestingar í loftslagstengdum innviðum og vöruþróun	pús. kr.	263.556	284.083	221.419	Áætlað 1,6% af ársveltu félagsins


Félagslegir þættir

Mannauður

Hjá Skinney-Þinganesi starfa yfir 300 manns, sem tryggja með hæfni sinni og reynslu gæði afurða ásamt ábyrgri umgengni á sjó og í landi. Samstæðan leggur ríka áherslu á jafnrétti og fjölbreytileika innan starfseminnar. Starfsfólkið hefur fjölbreyttan bakgrunn, þjóðerni, menntun og aldur, en saman myndar það samhentan hóp. Á árinu 2024 gerði samstæða Skinneyjar-Þinganess hf. út sex fiskiskip með samtals um 90 sjómönnum, við landvinnslurnar starfa nálægt 140 manns og í hinum ýmsu stoðdeildum (veiðarfæragerð, vélaverkstæði, rafmagnsverkstæði, viðhaldi fasteigna, þrífadeild, mötuneyti og skrifstofu) starfa nálægt 70 manns. Lögð er áhersla á að tryggja góðan aðbúnað starfsfólks og eru öryggismál í fyrirrúmi. Tækni framfarir hafa leitt til öruggari starfsumhverfis og létt á mannaflapörf en með auknum umsvifum og fjárfestingum hefur fyrirtækið getað tryggt sama fjölda fólks atvinnu. Yfir sumartímann hafa ungmennti verið ráðin til starfa, einkum í bolfiskvinnslu.


Jafnlaunavottun

Skinney-Þinganes hf. hlaut endurvottun á jafnlaunakerfi sínu í mars 2023, en meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Jafnlaunastefnu Skinneyjar-Þinganess má finna á heimasíðu félagsins www.sth.is/jafnlaunastefna. Í jafnréttisáætlun Skinneyjar-Þinganess hefur það markmið verið sett að útrýma óútskýranlegum mun launa. Launagreiningar á launum starfsmanna sýna að ekki hefur mælst óskýrður launamunur kynja.



JAFNLAUNAVOTTUN 2023 - 2026

Kynjahlutfall starfsfólks í prósentum



Félagslegir þættir

Mannréttindi, spilling, mútur og siðferði

Skinney-Þinganes virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga. Fyrirtækið hefur sett sér stefnu gegn spillingu og mútum. Í lok árs 2022 fóru fiskvinnslur Skinneyjar-Þinganess á Höfn og í Þorlákshöfn báðar í tveggja stoða SMETA úttekt (Sedex Members Ethical Trade Audit). Í úttektinni eru félagslegir þættir teknir út af óháðum úttektaraðila. Úttektin tók m.a. til launa og vinnutíma starfsfólks og heilsu og öryggis starfsfólks á vinnustaðnum.

Samstæðan hefur sett sér reglur um verklag við upplýstrun starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í samræmi við 5. gr. laga nr. 40/2020 um vernd upplýstrara.

Fræðsla starfsmanna

Skinney-Þinganes leggur áherslu á fræðslu og þjálfun starfsmanna og er endurþjálfun og námskeið mikilvægur partur í að gæðakerfi félagsins virki eins en þeim er ætlað. Tilgangur þjálfunar er jafnframt ætlað að stuðla að auknu öryggi og vellíðan starfsmanna á vinnustaðnum.

Á árinu 2024 voru alls 17 námskeið skráð á þjálfunaráætlun í fiskvinnslum félagsins í Krossey á Höfn og í Þorlákshöfn, og lokið var við meirihluta þeirra. Námskeið sem ekki náðist að ljúka voru kláruð á fyrri hluta ársins 2025. Hluti námskeiðanna var fyrir alla starfsmenn, á meðan önnur voru fyrir ákveðna hópa eða valkvæð.

Á árinu var rafræna fræðslukerfið LearnCove tekið í notkun, sem heldur utan um alla fræðslu starfsfólks, styður við samræmda fræðslu milli starfsstöðva og býður upp á miðlun efnis á mismunandi tungumálum.



Félagslegir þættir

Öryggismál

Öryggi starfsfólks er lykilatriði í starfsemi Skinneyjar-Þinganes, og markmið fyrirtækisins er að skapa öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi á öllum starfsstöðvum. Yfirmenn bera ábyrgð á öryggismálum sinna deilda, og innan fyrirtækisins starfa öryggisnefndir sem skipuleggja aðgerðir tengdar aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi. Þær sjá einnig um fræðslu, eftirlit og eftirfylgni með öryggisstefnu fyrirtækisins.

Á árinu 2024 var lokið við innleiðingu á rafræna atvikaskráningarkerfinu ATVIK í allar starfsstöðvar Skinneyjar-Þinganes. Kerfið heldur utan um öll atvik sem snúa að öryggi starfsfólks í vinnuumhverfinu. Starfsfólk getur skráð atvik sem snúa að öryggi og aðbúnaði þeirra á vinnustaðnum í gegnum kerfið.

Á árinu 2024 hlaut Skinney-Þinganes Forvarnaverðlaun VÍS í flokki stærri fyrirtækja fyrir framúrskarandi árangur í forvörnum og vinnuvernd. Til að efla skráningu og greiningu öryggisatvika hefur fyrirtækið innleitt rafræna atvikaskráningarkerfið ATVIK. Kerfið heldur utan um öll öryggisatvik, og starfsfólk getur skráð atvik og tillögur að úrbótum, sem stuðlar að stöðugum umbótum í vinnuumhverfinu.

Skinney-Þinganes og dótturfélag þess Horn hafa tekið upp reglulegt eldvarnaeftirlit sem byggir á gátlistum Eldvarnabandalagsins. Eftirlitinu er framfylgt af eigin eldvarnafulltrúm fyrirtækjanna.



Félagslegir þættir

Á árinu 2022 hóf Skinney-Þinganes nýja vegferð í öryggismálum sjómanna í samstarfi við Öryggisstjórnun ehf. Samstarfið felur í sér að innleiða samræmdar, stafrænar áherslur í öryggisstjórnun til sjós, sem stuðla að markvissari öryggismenningu innan fyrirtækisins. Markmiðið er að fyrirtækið uppfylli alþjóðlega staðla og er fyrirtækið í stöðugri þróun til að bæta verklag og samræma það við kröfur ISM Code (International Safety Management Code).

Sem hluti af þessari þróun hefur fyrirtækið tekið þátt í þróun og notkun á öryggissmáforritinu Öldu, sem veitir sjómönnum aðgengi að öryggisupplýsingum, verklagsreglum og skráningu atvika, með það markmið að efla öryggismenningu sjómanna og stuðla að markvissari stjórnun öryggismála.



Félagslegir þættir

Vísir	Eining	2022	2023	2024	Athugasemdir
F1. Launahlutfall forstjóra					
Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi	x:1	5,2	4,7	5,0	
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	nei	nei	nei	
F2. Launamunur kynja					
Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla (x) og miðgildis launagreiðslna kvenna	x:1	1,38	1,21	1,24	Störf í landi
F3. Starfsmannavelta					
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	29,4%	16,9%	18,7%	Störf í landi
F4. Kynjafjölbreytni					
Karlar í heild	%	71,9%	72,6%	74,1%	
Konur í heild	%	28,1%	27,4%	25,9%	
Karlar í landi	%	60,8%	61,4%	61,1%	
Konur í landi	%	39,2%	38,6%	38,9%	
F5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta					
Starfsfólk í hlutastarfi	%	12,6%	12,2%	8,8%	
Verktakar og ráðgjafar	%	-	-	-	

Félagslegir þættir

Vísir	Eining	2022	2023	2024	Athugasemdir
F6. Aðgerðir gegn mismunun					
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	já/nei	já	já	já	Öryggisstefna, jafnréttisáætlun og samfélagsstefna Skinneyjar-Þínganess https://samfelag.sfs.is/
F7. Vinnuslysatiðni					
Tíðni slysatengdra atvika, sem hlutfall af heildarfjölda starfsfólks	%	2,7%	2,8%	3,6%	
F8. Hnattræn heilsa og öryggi					
Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi?	já/nei	já	já	já	Öryggisstefna og samfélagsstefna Skinneyjar -Þínganess https://samfelag.sfs.is/
F9. Barna- og nauðungarvinna					
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?	já/nei	já	já	já	Samfélagsstefna Skinneyjar-Þínganess https://samfelag.sfs.is/
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	já	já	já	
F10. Mannréttindi					
Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?	já/nei	já	já	já	Samfélagsstefna Skinneyjar-Þínganess https://samfelag.sfs.is/
Ef já, nær mannréttindastefnan einnig til birgja og seljenda?	já/nei	nei	nei	nei	

Stjórn og stjórnendur 2024

Stjórn Skinneyjar-Pínganess gegnir mikilvægu eftirlitshlutverki með rekstri félagsins og fylgist með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Stjórnin setur félaginu markmið í samræmi við tilgang þess og markar þá meginstefnu sem farin skal til að ná settum markmiðum.

Stjórnarmenn eru með fjölbreytta menntun og reynslu, m.a. úr viðskiptum og sjávarútvegi og er á misjöfnum aldri.

Stjórn Skinneyjar-Pínganess hf. skipa:

Sigurður Ægir Birgisson, stjórnarformaður

Elín Arna Gunnarsdóttir

Friðrik Þór Ingvaldsson

Katrín Ásgrímsdóttir

Margrét Ingólfssdóttir

Í framkvæmdastjórn félagsins eru:

Aðalsteinn Ingólfsson, forstjóri

Ásgeir Gunnarsson, framkvæmdastjóri veiða

Guðrún Ingólfssdóttir, fjármálastjóri

Ingvaldur Mar Ingvaldsson, framkvæmdastjóri bolfisks



Stjórnarhættir

Stjórn og fyrirsvarsmenn Skinneyjar-Pínganess hf. leggja ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum sem markast fyrst og fremst af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, starfsreglum stjórnar, settar á grundvelli 5. mgr. 70. gr. hlutafélagalaga og samþykktum félagsins. Stjórn félagsins styðst við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja. Vegna eðlis eigendahóps félagsins víkur félagið frá tilmælum leiðbeininganna um óhæði stjórnar. Jafnframt telur stjórn félagsins ekki þörf á tilnefninganefnd eða starfskjaranefnd vegna eðlis eigendahópsins.

Skinney-Pínganes hefur á grundvelli samfélagsstefnu sinnar einnig sett sér skrifleg viðmið um góða stjórnarhætti.

Innra eftirlit og áhættustjórnun

Daglegur rekstur er í höndum stjórnenda félagsins sem leitast við að hafa virkt eftirlit með áhættuþáttum sem hafa áhrif á rekstur og afkomu félagsins. Markmiðið með innra eftirliti er að félagið nái sem best markmiðum sínum en innra eftirlit er innbyggt í alla starfsemi félagsins. Stjórn ber ábyrgð á innra eftirliti og áhættustjórnun. Stjórnendur fara reglulega yfir helstu áhættuþætti með stjórn félagsins og tryggja að hún sé upplýst um stöðu mála.

Mánaðaruppgjör gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti með rekstrarþáttum. Helstu áhættuþættir félagsins eru gengis-, vaxta- og sjóðstreymisáhætta.



Stjórnarhættir

Stjórn

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda og er það sá vettvangur sem samskipti hluthafa og stjórnar fara fram. Samkvæmt samþykktum félagsins kýs aðalfundur árlega fimm aðila í stjórn félagsins. Í stjórn sitja nú þrjár konur og tveir karlar og við kosningu stjórnar skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Í samræmi við samþykktir félagsins fer stjórn félagsins ásamt forstjóra með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Á árinu 2024 voru haldnir 12 stjórnarfundir og eru þeir yfirleitt haldnir á mánaðarfresti.

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar og verksvið forstjóra eru skilgreind. Gildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar á stjórnarfundinum 10. maí 2024. Í starfsreglunum er meðal annars að finna ákvæði um skipan stjórnar, boðun funda og ályktunarhæfni, fundargerðarbók, reglur um þagnar- og trúnaðarskyldu stjórnarmanna og reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í meðferð mála. Einnig eru þar að finna reglur um ráðningu forstjóra, starfskyldur stjórnar og forstjóra, og eftirlitsskyldur stjórnar.

Endurskoðunarnefnd Skinneyjar-Þínganess er undirnefnd stjórnar félagsins og er skipuð af henni í samræmi við IX. kafla A. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Endurskoðunarnefndin hefur það hlutverk að tryggja gæði ársreikninga og fjármálaupplýsinga félagsins, sem og óhæði endurskoðenda. Nefndin hefur sett sér starfsreglur. Eftirfarandi einstaklingar skipa endurskoðunarnefnd: Garðar Garðarsson (formaður), Katrín Ásgrímsdóttir og Elín Arna Gunnarsdóttir.




Stjórnarhættir

Vísir	Eining	2022	2023	2024	Athugasemdir
S1. Kynjahlutfall í stjórn					
Hlutfall kvenna í stjórn	%	60%	60%	60%	
Hlutfall kvenna í formennsku nefnda	%	-	-	-	
S2. Óhæði stjórnar					
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	já	já	já	
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	0%	0%	0%	
S3. Kaupaukar					
Fá framkvæmdastjórnar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	nei	nei	nei	
S4. Kjarasamningar					
Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	99%	99%	99%	
S5. Siðareglur birgja					
Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum?	já/nei	nei	nei	nei	

Stjórnarhættir

Vísir	Eining	2022	2023	2024	Athugasemdir
S6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu					
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?	já/nei	já	já	já	Spillingarstefna og samfélagsstefna Skinneyjar-Þinganess https://samfelag.sfs.is/
Ef já, hve hátt hlutfall starfsfólks hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni?	%	-	-	-	
S7. Persónuvernd					
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?	já/nei	já	já	já	Persónuverndarstefna Skinneyjar-Þinganess https://sth.is/personuverndarstefna/
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	já	já	já	
S8. Sjálfbæriskýrsla					
Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbæriskýrslu?	já/nei	já	já	já	
Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	já	já	já	
S9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf					
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	nei	nei	nei	
Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	já/nei	já	já	já	Áhersla er á heimsmarkmið 14,9,12,13,16,5 og 8 í samfélagsstefnu Skinneyjar-Þinganess https://samfelag.sfs.is/
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	já/nei	nei	nei	nei	
S10. Gögn tekin út/sannreynd af þriðja aðila					
Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni árituð eða endurskoðuð af þriðja aðila?	já/nei	nei	nei	nei	

Samfélagsspor 2024



Samfélagsspor 2022-2024	2022	2023	2024
Tryggingagjald	318.221.322 kr.	347.474.131 kr.	335.350.881 kr.
Veiðigjöld	421.329.022 kr.	513.808.521 kr.	459.423.464 kr.
Mótframlag í lífeyrissjóð	491.968.343 kr.	551.820.303 kr.	517.919.279 kr.
Aðrir skattar og gjöld	186.199.193 kr.	182.499.985 kr.	108.590.336 kr.
Gjöld til hafnarsjóða	160.577.458 kr.	189.790.352 kr.	156.089.907 kr.
Tekjuskattur	567.848.221 kr.	693.925.940 kr.	363.848.193 kr.
Innheimtir skattar vegna einstaklinga	1.773.780.622 kr.	1.995.764.868 kr.	1.778.139.080 kr.
Samtals	3.748.985.873 kr.	4.252.986.206 kr.	3.719.361.140 kr.

